

## 129. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar miðvikudaginn 21. júlí 2010, kl. 17:00 á 3. hæð Ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerðina.

Formaður setti fundinn og bauð nefndarmenn velkomna til starfa.

Dagskrá.

1. Þinghúshöfði í Stykkishólmi, deiliskipulagstillaga.  
Lögð fram að nýju tillaga af deiliskipulagi við Bókhöfundustíg og nyrðri hluta Skólastígs og Höfðagötu sem unnin var af Landlínunum dags. 19.03. 2010.  
Deiliskipulagstillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til og með 3. júní s.l. Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ólafi S. Ottóssyni og Steinunni Árnadóttur Bókhöfundustíg 17 dags. 11.05.'10, Aðalheiði Sigurðardóttur og Guðmundi Lárussyni Skólastíg 4, dags. 27.05.'10, Orkuveitu Reykjavíkur dags. 31.05.'10, Tryggva Gunnarssyni Höfðagötu 7, dags. 31.05.'10, Unni Steinsson og Ásgeiri Ásgeirssyni Skólastíg 8, dags. 1.06.'10, Hergard Jensen Skólastíg 10, dags. 1.06.'10, Ingibjörg Þorvaldsdóttir Bókhöfundustíg 9, dags. 2.06.'10, Sigurborgu Sturludóttur og Þorsteini Jónssyni Skólastíg 6, 3.06.'10, Skarphéðni Bergi Steinarssyni Skólastíg 5, dags. 3.06.'10, Ásta Hermannsdóttir og Sindri Ellertsson Csillag dags. 1.06.'10. Einnig er lögð fram umsögn Húsafriðunarnefndar Ríkisins dags. 16. 02.'10.  
Deiliskipulagstillaga lögð fram ásamt athugasemdum.
2. Reitarvegur 6a, breyting á áður samþykktum teikningum.  
Arkitektar Ólöf og Jon ehf. sækja um f.h. lóðarhafa Reitarvegs nr. 6a að efri hæð húss verði steinsteypt og klædd bárujárn í stað timburs. Þak verði torfþak og inndregnar svalir í suður falli niður, sbr. teikningar dags 25.05.'10.  
Erindi samþykkt.
3. Víkurflöt 5, klæða hús.  
Alfreð Viktor Þórólfsson og Hildigunnur Jóhannesdóttir sækja um að klæða hús og bílskúr með standandi bárujárnsklæðningu og klæða þakskegg með harðviðarklæðningu, sbr. umsókn dags. 1.06.'10.  
Erindi samþykkt.
4. Lágholt 19a, garðskúr.  
Sveinn Davíðsson Lágholti 19a sækir um leyfi til að staðsetja garðskúr í suðausturhorni lóðarinnar. Vegghæð er 1,70 m.  
Erindi samþykkt.

5. Skúlagata 1, klæða bílskúr.  
Kristinn Bjarnason sækir um að klæða bílskúr við Skúlagötu 1 með bárujárn, sbr. bréf dags 7. 06.2010.  
Erindi samþykkt.
6. Sunnan við Reitarveg 8, staðsetning á gámi.  
Kristinn Bjarnason sækir um f.h. Bjarna Einars SH-545 ehf, að staðsetja gám við Reitarveg nr. 8 sbr. bréf og afstöðumynd dags. 20.06.2010.  
Erindi frestað.
7. Sundabakki 5, breyting á þaki bílskúrs.  
Páll J. Hjaltalín sækir um leyfi til að endurnýja og breyta þakgerð bílskúrsins að Sundabakka 5.  
Erindi samþykkt.
8. Reitarvegur 6, skjólveggur á lóðarmörkum við götu.  
Þorbjörn Geir Ólafsson sækir um leyfi fyrir áður gerðum skjólvegg á lóðarmörkum sbr. tölvupóst dags. 14.07.'10. En skjólveggur dregur m.a. úr áreiti sem hlýst af þungri umferð stórra bíla um götuna og er einnig öryggisatriði vegna barna að leik á lóðinni.  
Erindi hafnað með vísan í 67. gr. Byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
9. Höfðagata 11, breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði (gistiskála).  
F.h. Gistivers ehf/ sækir Birna E. Sigurðardóttir um að breyta einbýlishúsi að Höfðagötu 11 í gistiskála sbr. umsókn dags 14.07.'10.  
Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum Höfðagötu 9, 9a, 13, 15 og 16.
10. Hjallatangi 24, gróðurhús.  
Þórir Thorlacius sækir um að staðsetja gróðurhús frá Húsasmiðjunni á suðaustur horni lóðarinnar nr. 24 við Hjallatanga, sbr. erindi dags. 20.07.'10.  
Erindi synjað þar sem húsið er utan byggingarreits samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
11. Tillögur um stæði fyrir stóra bíla miðsvæðis í bænum.  
Erindi frestað.
12. Breyting á hámarkshraða innanbæjar.  
Vegagerðin/ Magnús óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar að breyta hámarkshraða innan bæjar úr 35 km í 40 km. sbr. tölvupóst dags.  
Nefndin leggur til að áfram verði 35 km hámarkshraði innanbæjar í Stykkishólmi.

Afgreiðslumál skipulags- og byggingarfulltrúa:

13. Austurgata 1, uppsetning á skilti.  
Agustson ehf / Ellert Kristinsson hefur fengið leyfi til að staðsetja 2 bannskilti á vegg norðan megin við vörumóttöku hússins vegna mikillar truflunar á utanaðkomandi kyrrstæðra bíla á svæðinu.

14. Önnur mál.

14.a. Lagt fram bréf frá Braga Þór Thoroddsen lögfræðingi f.h. eigenda Silfurgötu 23, vegna ágreinings um lóðarmörk milli Silfurgötu 23 og Skólastígs 18a, dags. 7. júní 2010. Erindi vísað af bæjarstjórn til skipulags- og byggingarnefndar.

Erindi víað til byggingarfulltrúa til úrvinnslu.

Katrín vék af fundi undir lið 14.a vegna tengsla.

14.b. Bæjarstjórn óskar eftir tillögu um skipan eins nefndarmanns skipulags- og byggingarnefndar í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði fyrir frístundabændur.

Samþykkt að Hermundur Pálsson verði fulltrúi í vinnuhóp fyrir skipulags- og byggingarnefndina.

14.c. Bæjarstjórn óskar eftir tillögu um skipan eins nefndarmanns skipulags- og byggingarnefndar í vinnuhóp vegna deiliskipulagsvinnu á svæði Hesteigendafélags Stykkishólms.

Samþykkt að Hermundur Pálsson verði fulltrúi í vinnuhóp fyrir skipulags- og byggingarnefndina.

14.d. Flatey ehf, staðsetning á gormaskilti niður við höfn.

Kristján Lár sækir um f.h. Flatey ehf um að staðsetja tímabundið, fram að 1. september 2010, lausaskilti við endann á landgangi við Stykkishöfnina sem auglýsir sjóstangaveiðiferðir, sbr. umsókn 20.07. 2010.

Erindi samþykkt.

B.V.